

Hughrif í ferð öldungadeildar um Austurland 2009



**Hörður
Porleifsson**

Ferð þessi var farin 13.-17. júlí. Hjörleifur Guttormsson var leiðsögumaður, Leifur Jónsson fararstjóri og Sveinn Sigurbjarnarson bílstjóri Tanna Travel.

Á Fljótsdalshéraði var þoka fyrsta daginn.

*Þrengir að oss þoka grá
svo þekkjast hvorki fjöll né hólur.
Vona að hún viki frá
og vermi aftur geislar sólar.*

*Borgarfjörður eystra er byggð í skjóli fjalla
og Borgin álfa vakir trygg yfir þessum stað.
Dyrastafir tröllauknir draga að sér alla
sem dýrka fagra veröld og Kjarval setti á blað.*

Frá Borgarfirði eystri var farið til
Loðmundarfjarðar á rúttunni Gvendólínu nr. 2.

*Yfir fjallaklöngur og ofar skjújum löngum
ók hún Gvendólína sem sögd er númer tvö.
Svenni var við stýrið og stýrði fram hjá dröngum,
styrkum höndum lagð'ana allar beygjur sjö.*

*Loðmundarfjörðinn við litum nú augum,
ljúft var að kanna þann fjarlægja heim.
Horfið var flöktið á finustu taugum
og friðinn þar gripum við höndum tveim.*

Síðan fórum við í Emilíu, öðrum bíl Tanna
Travel til Mjóafjarðar. Bræðravatn/vötn eru á
Mjóafjarðarheiði.



Brekka í Mjóafirði. Ljós. P.Á.

*Bræðravatni Emilía
ekki sinni hót
en Mjóafjörðinn, fagra, hlýja,
flutti hún okkur mót.*

*Öldungur á bæ þar býr
bíúinn geði þekku.
Vinsæll er og viðmótljýr
Vilhjálmur á Brekku.*

*Leiðsögn skýr og ljós í sem,
ljúft að fylgja henni.
Hafi þökk þeir heiðursmenn,
Hjörleifur og Svenni.*

Skopmynd



Sigmundur Magnússon blóðmeinafræðingur.
Teikning: Sigurður V. Sigurjónsson



Þá var öldin önnur!

Þetta var fyrsta auglýsingin sem birtist á kápu
Læknaþláðsins í maí 1915. Hún „prýddi“ kápu
þláðsins til ársloka 1918.

Öldungadeild
Læknafélags Íslands

Umsjón síðu
Páll Ásmundsson

**Stjórn
Öldungadeildar**
Sigurður E. Þorvaldsson
formaður
Jón Hilmar Alfreðsson
ritari
Tryggvi Ásmundsson
gjaldkeri
Guðmundur Oddsson
Óli Björn Hannesson

Öldungaráð
Hörður Porleifsson
Höskuldur Baldursson
Kristín Guttormsson
Leifur Jónsson
Páll Ásmundsson
Vigfús Magnússon

Vefsíða Öldungadeildar
finnst meðal annarra
vefsíðna sérfélaga á
síðu LÍ.